

Blindrafélagið

SAMTÖK BLINDRA OG SJÓNSKERTRA Á ÍSLANDI



Hamrahlíð 17
105 Reykjavík
Sími: 568 7333
Fax: 568 7336

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Alþingi v/ Austurvöll,
Reykjavík.

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1894
komudagur 6/5 1996

Reykjavík, 29. apríl, 1996.

Hv. nefnd!

Í frumvarpi um fjármagnstekjuskatt sem nú liggur fyrir nefndinni er gert ráð fyrir því nýmæli að leggja tekjuskatt á líknarfélög. Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, fer hér með fram á að nefndin láti kanna hvort hér sé ekki um einsdæmi að ræða meðal OECD ríkja. Skv. upplýsingum félagsins tíðkast slíkir skattar a.m.k. hvorki á hinum Norðurlöndunum né í Bandaríkjunum. Sætir nokkurri furðu þarlendrar starfsbræðra okkar að íslenska ríkið hyggist með þessum hætti leggja stein í götu þeirra samtaka er keppast við að létta undir með ríkisvaldinu í framkvæmdum og þjónustu á fjölmörgum sviðum.

Í ljósi þess að við Íslendingar færum lög og reglur okkar æ meir í átt til þess sem gerist í nágrannalöndum okkar austan hafs og vestan, væri slysalegt ef Alþingi uppgötvaði áður óþekktan skatt, Líknarfélagaskattinn. Því er þess farið á leit við nefndina að hún kanni hvernig þessu er háttað í öðrum OECD ríkjum og mið tekið af því við leiðréttingar á frumvarpinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Blindrafélags,

Helgi Hjörvar,
framkvæmdastjóri.